

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis þingvallavatns.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ tvívegis í ákvæðinu og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Orðin „og heilbrigðisnefndar Suðurlands“ í 2. málsl. falla brott.
- c. Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd Suðurlands“ í 3. málsl. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar Suðurlands“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

3. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.

- a. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar Suðurlands“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd Suðurlands“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd Suðurlands“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.
- b. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar Suðurlands“ í 2. mgr. kemur: Náttúruverndarstofnunar.

5. gr.

1. mgr. 18. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun skal gera grein fyrir ástandsmati vatns sbr. reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

6. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd Suðurlands“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: viðkomandi sveitarfélag í samráði við Umhverfis- og orkustofnun.

7. gr.

Ákvæði 1. málsl. 20. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun í samráði við sveitarstjórnir á verndarsvæðinu skal gera aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns.

8. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd Suðurlands“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

9. gr.

Ákvæði 22. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum hennar.

10. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. laga 85/2005 um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, []2026